

Nd.

6. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Pálmason.

1. gr.

Á 1. grein laganna verði þessar breytingar:

1. *Ós í sjó.* Skilgreiningin breytist þannig: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um smástraumsflóð, og niður til þess staðar, er straumur fellur niður um smástraumsfjöru.
2. Í orðaskýringarnar bætist í rétta stafrófsröð:
All: Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem dýpstur er.
Kvisl: Þar, sem á fellur ekki í einu lagi, eða skiptist um hólma, sandeyrar, kletta eða grynnsli, kallast sá hluti vatns kvisl, sem fullur sér þegar vatnsborð er lægst.
3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:

Stöðuvatn: Öll þau vötn ofan ósa, sem eigi er meiri straumhraði í en 18 metrar á klukkustund, nema sá straumur, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.

Straumvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem meiri straumhraði er í en 18 metrar á klukkustund þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

2. gr.

Fyrsti liður 16. greinar laganna orðist þannig:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangarveiði til 20. september.

3. gr.

Síðasti málsliður 20. greinar laganna orðist þannig:

Skírteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskiræktarféлага, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

4. gr.

Aftan við 1. lið 22. greinar laganna bætist:

Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því.

5. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

6. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

7. gr.

2. liður 30. gr. laganna orðist svo:

Girðingar mega aldrei ná yfir meira en $\frac{1}{3}$ hluta af breidd árinna og aldrei meira en $\frac{1}{4}$ hluta af breidd óss eða leiru. Aldrei má girða yfir aðalstraumlinu ár.

8. gr.

Við 2. málsg. 31. gr. laganna bætist: Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er ráðherra þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með, að veita undanþágu og leyfa, að fjarlægð milli fastra veiðivéla sé nokkru minni en hér er tiltekið.

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:

Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að heimilt sé eða leyft samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur vikja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur.

9. gr.

Aftan við 1. málsg. 46. gr. laganna bætist: Þó má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór.

10. gr.

Fyrir „10 ára“ í 64. grein laganna komi: 30 ára.

11. gr.

Aftan við 84. grein laganna bætist ný grein, og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verði þannig:

1. Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrir-muna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 83. gr.

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að $\frac{1}{2}$ úr ríkissjóði og $\frac{1}{2}$ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. samhljóða þessu varð ekki útrætt á síðastliðnu þingi. Ástæðurnar fyrir málinu eru þingmönnum kunnar, og er því ekki ástæða til að fjölýrða um þær.